

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 731/2003
fyrir Sjóð Sigriðar Lárusdóttur.**

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

3. gr. orðist svo:

Stofnframlag sjóðsins er brenns konar:

1. Framlag Sigriðar að fjárhæð 500.000 krónur.
2. Hluti af söluverði íbúðar Sigriðar að Hjallabraut 33 í Hafnarfirði, þegar hún verður seld.
3. Erfðaskrá Sigriðar Lárusdóttur, samkvæmt nánari fyrirmælum sem þar koma fram.
4. Gjöf frá Dalaætt að fjárhæð 300.000 krónur.

Óskerðanlegt stofnframlag er kr. 12.000.000.

Tekjur sjóðsins eru eftirfarandi:

1. Vextir og arður af eignum sjóðsins.
2. Fé og annað verðmæti sem safnast í nafni sjóðsins.

Sjóðinn skal ávaxta á sem hagkvæmastan hátt á hverjum tíma og í regnhlífarsjóði Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

Heimilt er að úthluta allt að tveimur þriðju af ávöxtun hvers tímabils, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Þriðjungur ávöxtunar leggst við stofnfé og verður hluti af bundnum höfuðstól, sem óheimilt er að úthluta.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðanda Styrktarsjóða Háskóla Íslands og þeir birtir með sama hætti og aðrir reikningar Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Sjóð Sigriðar Lárusdóttur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 26. mars 2013.

Bjarni Stefánsson.

Lára Kristín Gísladóttir.

B-deild – Útgáfud.: 12. apríl 2013